

AUGLÝSING

um óverulega breytingu á deiliskipulagi í Stykkishólmsbæ.

Miðbær, reitur B við Frúarstíg.

Í samræmi við 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, samþykkti bæjarstjórn Stykkishólmsbæjar þann 16. ágúst 2012 óverulega breytingu á reit, merktur B, á deiliskipulagi miðbæjar. Breytingar felast í að byggingarreitur minnkar og færist til á lóð, þakhalli breytist svo og hæð hússins. Leyfilegt verður að byggja íbúðarhús í stað parhúss áður. Í skilmálatexta fellur út heimild fyrir múrhúðun á útveggjum. Uppdrættirnir hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um.

Skipulagið öðlast þegar gildi.

Stykkishólmi, 25. september 2012.

Bjarnfríður Vilhjálmssdóttir, skipulags- og byggingarfulltrúi.

B-deild – Útgáfud.: 9. október 2012